

Reglur um sí- og endurmenntun starfsmanna Fljótsdalshéraðs.

Samkvæmt starfsmannastefnu Fljótsdalshéraðs, er það skylda sveitarfélagsins að stuðla að sí- og endurmenntun starfsmanna. Jafnframt er það líka réttur starfsmanna samkv. kjarasamningum að hafa tækifæri til að viðhalda og efla þekkingu sína. Starfsmönnum er skylt að taka þátt í þeirri símenntun sem símenntunaráætlun þeirra gerir ráð fyrir. Sinni starfsmaður ekki símenntun samkvæmt símenntunaráætlun, getur komið til launalækkunar samkvæmt kjarasamningi viðkomandi, samanber ákvæði í kjarasamningum um persónubundið símenntunarálag.

Reglur Fljótsdalshéraðs fjalla annars vegar um **símenntun** starfsmanna sem nær til alls starfsfólks og er í formi styttri námskeiða. Hins vegar um **endurmenntun** sem er þá skilgreind sem lengra nám sem jafnvel krefst leyfis frá vinnu.

Sí- og endurmenntunarnefnd, ásamt starfsmannastjóra, hefur yfirumsjón með símenntun starfsmanna. Hlutverk nefndarinnar er:

- a að samræma símenntunarkröfur milli stofnana
- b að líta eftir því að upplýsingar um nám starfsmanna séu skráðar skipulega
- c að tryggja sem besta nýtingu á námskeiðum sem haldin eru, t.d. þannig að almenn námskeið sem haldin eru af einni stofnun nýtist starfsmönnum annarra stofnana.
- d að tryggja að upplýsingar um þátttöku í símenntun séu ávallt aðgengilegar fyrir starfsmannadeild sem sér um að launagreiðslur séu í samræmi við ákvæði kjarasamninga um símenntun.
- e að úthluta styrkjum úr endurmenntunarsjóði til starfsmanna í samræmi við reglur sjóðsins.

Reglur þessar ber bæjarráði að endurskoða ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti og skal endurskoðunin staðfest með bókun í fundargerð.

Símenntun starfsmanna Fljótsdalshéraðs

Símenntunaráætlun skal miðuð við að allir starfsmenn taki þátt og njóti símenntunar. Forstöðumenn stofnana vinna símenntunaráætlun með viðkomandi deildarstjóra fyrir hverja stofnun, sem jafnframt er áætlun fyrir hvern starfsmann. Þeir halda einnig skrá um námssókn starfsmanna sinna. Forstöðumenn eru ábyrgir fyrir gerð, framkvæmd, eftirfylgni og viðhaldi símenntunaráætlunar hver fyrir sína stofnun (deild). Jafnframt bera þeir ábyrgð á því að framkvæmdin sé í samræmi við úthlutað fjármagn hennar. Símenntunaráætlun skal unnin í samvinnu yfirmanns og starfsmanns, rædd í starfsmannasamtali og endurskoðuð í framhaldi af því. Áætlanir geta verið ólíkar hvað áherslur varðar. Þær geta farið eftir kröfum starfsmanns, framboði, þörfum vinnustaðar og samkv. kjarasamningum.

Símenntun getur falist í:

- námi sem skipulagt er fyrir starfsfólk stofnunar,
- þátttöku í námi á vegum annarra,
- bóklestri eða gagnaöflun á netinu um afmarkað efni,
- heimsóknum á aðra sambærilega vinnustaði,
- þátttöku í ráðstefnum og fundum eða
- öðrum aðferðum sem henta einstökum starfsmönnum

Framkvæmd og fjármögnun

Á fjárhagsáætlun hvers árs skal bæjarstjórn marka fjárheimildir til sí- og endurmenntunar starfsmanna. Stefnt skal á að sú fjárhæð nemi um 0,7% af áætluðum launum og launatengdum gjöldum sveitarfélagsins viðkomandi ár. Ákvörðun um hlutfallið skal bæjarstjórn taka árlega við gerð fjárhagsáætlunar og bóka í fundargerð.

Símenntun á sér almennt stað á vinnutíma og halda starfsmenn launum á meðan. Ef forstöðumaður sendir starfsmann á námskeið utan vinnutíma getur hann veitt viðkomandi frí á launum á móti eða greitt honum yfirvinnu. Skal það gert í samráði við starfsmann.

Fjármagni til sí- og endurmenntunar hvers árs er skipt í þrjá hluta.

12% af upphæðinni fer til þjálfunar og námskeiða, samkvæmt yfirmarkmiðum bæjarstjórnar sem gefin verða út fyrir hvert ár. Bæjarráð og símenntunarnefnd hafa yfirumsjón með því námi þau námskeið greiðast að fullu af sveitarfélaginu.

73% er varið til útdeilingar til símenntunaráætlunar stofnanna sveitarfélagsins og skiptist milli þeirra í hlutfalli við stöðugildi. Greiðsluhlutdeild sveitarfélagsins fyrir námskeið í þessum hluta er frá 25% – 100 % eftir eðli þeirra.

15% fer til útdeilingar til einstaklingsbundinnar menntunar starfsmanna, samkvæmt reglum þar um. Þar er um ákveðna fjárhæð að ræða á hverju ári sem skipt er á milli umsækjanda. (Sjá frekar reglur um endurmenntunarsjóð). Einnig fylgiskjal nr. 1, myndræna framsetningu á pottinum.

Gert er ráð fyrir að starfsmaður þurfi að skila ígildi 12 kennslustunda á ári í símenntun til að halda óskertum persónubundnum launaauka (símenntunarálagi).

Frekari framsetning á kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins og nýtingu hvers flokks símenntunar til að halda greiðslu persónubundins launaauka, er að finna í meðfylgjandi fylgiskjali nr. 1.

Um endurmenntun eða framhaldsnám starfsmanna Fljótsdalshéraðs.

Með reglum þessum vill bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs stuðla að möguleikum fyrir starfsmenn til að viðhalda og auka við menntun sína og þekkingu í samræmi við starfsmannastefnu, gildandi kjarasamninga og fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins.

Reglur þessar gilda um þá starfsmenn Fljótsdalshéraðs sem samhliða starfi stunda nám á háskólastigi á sínu starfssviði (t.d. fjarnám) eða nám til starfsréttinda á sínu starfssviði við aðrar viðurkenndar menntastofnanir.

Miðað skal við að starfsmaðurinn hafi verið í starfi hjá Fljótsdalshéraði á viðkomandi starfssviði a.m.k. í þrjú ár og að námið hafi augljóslega hagnýtt gildi fyrir viðkomandi starfsmann og starf hans hjá sveitarfélaginu.

Nám samhliða starfi.

Starfsmaður getur sótt um heimild til að sækja nám samhliða starfi sínu án launaskerðingar, enda talið að námið hafi óveruleg áhrif á starf viðkomandi og að ekki þurfi að koma til afleysinga vegna námsins. Starfsmaður greiðir sjálfur kostnað vegna námsins m.a. með framlagi úr starfmenntunarsjóði síns stéttarfélags. Einnig getur hann sótt um styrk í Endurmenntunarsjóð Fljótsdalshéraðs.

Afsláttur af vinnuskyldu.

Starfsmaður í samþykktu viðbótarnámi sem hann stundar með vinnu getur í samráði við sinn yfirmann, sótt um allt að 15% afslátt af vinnuskyldu meðan á námi stendur, gegn því að hann vinni a.m.k. jafn lengi hjá sveitarfélaginu að loknu námi og námstíminn varir. Hámarks námstími eru fjórar annir. Starfsmaður fær greidd föst dagvinnulaun miðað við hans starfshlutfall, þann tíma sem hann er í náminu og færast þau sem kostnaður á viðkomandi deild. Starfsmaður sem nýtur þannig afsláttar af vinnuskyldu og heldur dagvinnulaunum, á ekki sjálfkrafa rétt á styrk úr Endurmenntunarsjóði Fljótsdalshéraðs vegna námsins.

Starfsmaður sem ekki nýtur afsláttar af vinnuskyldu á forgang á þá sem afsláttar njóta. Ef nægt fjármagn er í sjóðnum er heimilt að veita aðila sem nýtur afsláttar af vinnuskyldu styrk, til að koma til móts við kostnað sem hann verður fyrir vegna endurmenntunarinnar.

Úthlutunarreglur Endurmenntunarsjóðs.

1. Sí- og endurmenntunarnefnd skipar stjórn Endurmenntunarsjóðs. Þeim til ráðuneytis eru forstöðumenn stofnana sveitarfélagsins. Umsjón með sjóðnum og samþykktum hans hefur starfsmannastjóri.
2. Allir fastráðnir starfsmenn sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs eiga rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Réttur þeirra til úthlutunar fellur þó niður, segi þeir upp störfum sínum hjá sveitarfélaginu. Einnig eiga forstöðumenn stofnana rétt á að sækja um styrki til námskeiðahalds, vettvangs- eða námsferða. Úthlutunarfé sjóðsins er ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar hvers árs og er ekki heimilt að úthluta meira fé úr sjóðnum en þar er til staðar hverju sinni.
3. Markmið sjóðsins er að koma til móts við starfsmenn vegna kostnaðar af námi sem beinlínis er við það miðað að þeir geti tileinkað sér framfarir og tæknibreytingar á sínu sérsviði. Einnig að veita starfsmönnum fjárhagslegan styrk til að sækja viðameiri námskeið, sem gerir þeim mögulegt að taka að sér vandasamari störf og gera þá hæfari einstaklinga. Ef störf eru lögð niður vegna tækni- eða skipulagsbreytinga eiga starfsmenn kost á fjárhagslegum styrk til endurmenntunar sem geri þeim mögulegt að taka að sér önnur störf fyrir sveitarfélagið.
4. Umsóknir um styrki til viðameiri námskeiða sem eru í samræmi við sí- og endurmenntunaráætlanir stofnana sveitarfélagsins hafa forgang við úthlutun. Veita má styrki til náms eða námskeiða innanlands eða utan. Aðrar styrkumsóknir verða að hafa beina skírskotun til starfs umsækjanda. Að öllu jöfnu skulu þeir njóta forgangs til styrkjar sem ekki hafa hlotið styrk á síðustu tveimur árum.
5. Unnt er að sækja um styrk til sjóðsins tvisvar á ári, í febrúar og september. Auglýsa skal úthlutun og úthlutunarreglur á heimasíðu sveitarfélagsins. Sjóðsstjórn skal svara öllum styrkumsóknum skriflega. Heimilt er sjóðsstjórn að setja sér sérstakar vinnu- og viðmiðunarreglur, varðandi mat umsókna og veitingu styrkja.
6. Þeir sem óska eftir styrk úr sjóðnum skulu senda stjórn hans umsókn þar sem fram kemur lýsing á því námi eða námskeiði sem styrkurinn skal notaður til. Tilgreina skal fjárhæð styrks, hvenær ætlunin sé að nota hann og aðrar þær upplýsingar sem umsækjandi telur nauðsynlegar. Einnig skal umsækjandi taka fram hvort hann nýtur afsláttar af vinnuskyldu eða styrkja frá öðrum aðilum til sama náms og hversu mikils. Stjórn sjóðsins er heimilt að óska eftir frekari upplýsingum frá umsækjanda og/eða námskeiðshaldara. Á grundvelli umsóknar tekur sjóðsstjórnin ákvörðun um hvort og hversu háan styrk viðkomandi skuli fá. Heimilt er sjóðsstjórn að veita styrk vegna dvalar-og ferðakostnaðar. Umsóknir skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum.
7. Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki vegna námskeiðs- og innritunargjalda, ferðakostnaðar og gistingar. Ef forstöðumaður sækir um styrk vegna starfshópa, er sjóðsstjórn heimilt að ákvarða fasta krónutölu í styrk á hvern starfsmann, óháð heildarkostnaði. Styrkur má aldrei nema hærri fjárhæð en eftir stendur þegar tekið hefur verið tillit til annarra styrkja eða afslátta sem umsækjandi nýtur til sama náms, námskeiðs eða verkefnis. Verði styrkþegi uppvis að því að upplýsa ekki um aðra styrki eða afslætti getur sjóðsstjórn endurkrafíð hann um mismuninn. Ljúki styrkþegi ekki námi sínu, námskeiði, rannsókn eða verkefni skal hann endurgreiða styrkinn nema veigamiklar ástæður komi til.
8. Styrkur er greiddur við framvísun á staðfestingu á námsframvindu og gegn framvísun kostnaðarreikninga. Nýti umsækjandi ekki styrk sem hann fékk úthlutað innan árs frá úthlutun, fellur hann sjálfkrafa niður nema sótt hafi verið um endurnýjun.
9. Sjóðsstjórn skal halda nákvæma skrá yfir samþykktir sínar; þ.e. úthlutanir, styrkþega, styrkfjárhæð, nám, námskeið, rannsókn, verkefni eða annað sem máli skiptir. Sjóðsstjórnin gefur árlega út skýrslu um styrkveitingar ársins. Verði afgangur af fjármagni sjóðsins í lok almanaksárs skal það sem af gengur bætast við úthlutunarfé næsta árs.

Staðfest af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs 07.04.2017

(Fsk. Nr 1)

Myndræn framsetning á pottinum.

Einnig sýnt hvaða nám nýtist starfsmönnum til að uppfylla kröfur um námssókn og rétt til greiðslu símenntunarálags.

Sí og endurmenntunarpottur Fljótsdalshéraðs fyrir hvert ár. Heildarfjármagn er ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar og er ákv. hlutfall af launum og launat. gjöldum	Nýting náms og námskeiða til að uppfylla kröfur til greiðslu símenntunarálags.
Aherslur bæjarstjórnar í sí- og endurmenntun á hverju ári fyrir sig. 12% af fjármagni hvers árs fer í þennan lið. Kostnaður greiðist að fullu af Fljótsdalshéraði og færist á liðinn 21-62.	Nýtist að fullu.
Deildarskiptur pottur til sí- og endurmenntunar starfsmanna. Í þennan pott fara 73% þess fjármagns sem árlega er varið til sí- og endurmenntunar. Honum er skipt niður á stofnanir (deildir) eftir fjölda starfsmanna / stöðugilda ? og færist undir liðinn námskeið hjá stofnunum. Nám og námskeið sem falla undir þennan hluta er sett upp samkvæmt ósk sveitarfélagsins (yfirmanns hverrar deildar) og er kostnaður alfarið greiddur af Fljótsdalshéraði.	Nýtist að fullu.
Nám eða námskeið samkv. Ósk starfsmanns, með samþykki yfirmanns hans. Kostnaðarhlutdeild Fljótsdalshéraðs nemur frá 25% til - 75% eftir eðli námsins.	Nýtist að hluta eftir eðli námsins
Nám eða námskeið samkv. ósk starfsmanns, sem ekki tengist starfi hans. Alfarið kostað af starfsmanni og ekki stundað í vinnutíma hans.	Getur nýst til uppfyllingar á kennslutímum, með samkomulagi við yfirmann.
Endurmenntun og framhaldsnám. Sótt er um styrki í endurmenntunarsjóðinn tvisvar á ári og úthlutar endurmenntunarnefnd úr honum samkv. reglum. 15% af fjármagni ársins fer í þennan sjóð.	Nýtist að fullu